Náttúrutengingar - gróður, sjónlínur, göngutengingar, strönd

Íbúðabyggð í Kársnesi er byggðaheild frá síðari hluta 20. aldar og byggist að langmestu leyti upp á 6. og 7. áratugnum. Byggðin er, með nokkrum undantekningum, stakstæð hús; einbýli, parhús, raðhús á einni og tveimur hæðum. Flest húsin eru steinsteypt, múrpússuð og máluð. Elstu og yngstu fulltrúar byggðar eru oftar klæddar byggingar og úr timbri. Þá hefur síðari tíma klæðning verið sett á steinsteypt hús. Lóðir eru grónar.

Lega Kársness og landslag gerir að verkum að víða er sjávarútsýn að Kópavogi og Fossvogi sem mynda náttúrulega umgjörð bæjarhlutans. Nálægð við hafið er því mikilvægur þáttur í byggðinni sem rammar inn útsýni til hafs sem aðgengi er að um gönguleiðir innan hverfis. Landhalli, skipulag og byggðamynstur, lega gatna og rýmd milli bygginga, sér í lagi sunnan Borgarholts, eiga þátt í að undirstrika þessi náttúrutengsl svæðisins og gefa upplifun af nálægð við strönd og haf.

Mikilvægt er að huga að þessum náttúrutengslum sem hluta af byggðamynstrinu og vernda sjónlínur og göngutengingar að hafi sem teikna sig eftir götuásum og milli húsa.

Borgarholtið og Kópavogskirkja gegna sérstöku hlutverki í byggðamynstrinu sem náttúruleg og manngerð kennileiti og eru áberandi úr ákveðnum sjónlínum. Kennileitin gefa tilfinningu fyrir tíma og stað sem undirstrikar staðbundna sérstöðu og hjálpar vegfarendum við að staðsetja sig innan hverfisins.

Mikilvægt er að huga að tengslum við kennileiti Kópavogs sem hluta af byggðamynstrinu og vernda sjónlínur úr byggðinni að kirkjunni.

Gróður og tré eru mikilvægur hluti af umgjörð Kársness auk þess að ýta undir gæði skjól- og hljóðvistar.

Mikilvægt er að huga að verndun og vexti trjáa og gróðurs sem hluta af byggðavistinni.

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

Hugað skal að því að varðveita lágstemmt og gróið svipmót og yfirbragð byggðarinnar.

Við breytingar og viðbyggingar sé hugað að því að raska ekki göngutengingum og sjónlínum að strönd og kennileitum.



Skjal sótt af '0000000000' dags. 25.10.2026









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Yfirlit yfir tillögur um verndun

Gulur verndunarflokkur

Norðurströnd	Holt	Suðurströnd
Sæbólsbraut 1-53 og 2-24 og Helgubraut 1-33	Hraunbraut 7-47 og 8-44, Austurgerði og Kastalagerði	Þinghólsbraut 45-77
Sæbólsbraut 26-32	Holtagerði og Skólagerði	Mánabraut 1-19 og 2-18, Sunnubraut 2-46 og 21-45, Þinghólsbraut 1-43 og 2-46 og Kópavogsbraut 41-83
Huldubraut 2-68	Vallargerði 2-20	
Marbakkabraut 1-17 og Huldubraut 1 (áður Kársnesbraut)	Melgerði 1-19 og 2-16	
Helgubraut 2-10, Marbakkabraut 1-17, Huldubraut 1-31, Vesturvör 2B og 19 og Kársnesbraut 9-139 og 64-114	Kópavogsbraut 2-22	
	Borgarholtsbraut 1-13	

Rauður verndunarflokkur

Norðurströnd	Holt	Suðurströnd
Helgubraut 8	Holtagerði 40-56	Sunnubraut 21-47
Huldubraut 32	Holtagerði 61-69	Kópavogsbraut 100
Kársnesbraut 66	Hófgerði 2-28 og 1-21	Sunnubraut 26
Kársnesbraut 86	Hlégerði 12-22 og 21-35	Sunnubraut 37
Kársnesbraut 106	Hlégerði 37a	Sunnubraut 6-10
Marbakkabraut 26	Kastalagerði 7	Sunnubraut 42
Marbakkabraut 38	Kastalagerði 13	Sunnubraut 46
Sæbólsbraut 15-17	Kópavogsbraut 58 (Þinghólsskóli)	Þinghólsbraut 35
Sæbólsbraut 26	Skjólbraut 10	Þinghólsbraut 57
Sæbólsbraut 40	Skjólbraut 15	Þinghólsbraut 59
Vesturvör 2B		

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Gulur flokkur: samstæður húsa og heildir


Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

Hugað skal að því að varðveita götumyndir og lágstemmt og gróið svipmót og yfirbragð byggðarinnar.

Við breytingar og viðbyggingar sé hugað af því að raska ekki sjónlínum frá nærliggjandi byggð og götuumhverfi að strönd og kennileitum.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Rauður flokkur: einstök hús, húsaraðir og götumyndir

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.


Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga:

Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.

Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.

Hugað sé að því að viðhalda upphaflegri grunngerð og sérkennum og draga ekki úr bygginarlistalegu gildi húsa og húsaraða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



Yfirlit yfir gulan og rauðan flokk

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1 Norðurströnd: Varðveislumat 2023

1.1 Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Skipulagslegar, sögulegar og/eða umhverfislegar heildir.

Sæbólsbraut 1-53 og 2-24 og Helgubraut 1-33

Þétt raðhúsahverfi frá 9. áratugnum myndar heildstæða götumynd. Gott dæmi um þétta raðhúsabyggð, reist eftir heildstæðu skipulagi eftir Arkitektaþjónustuna. Sum raðhúsanna eru teiknuð af Gylfa Guðjónssyni, önnur af Jóhanni Einarssyni og enn önnur af Kjartani Sveinssyni.

Öll raðhúsin eru einlyft steinsteypt hús á kjallara og með rishæð undir mænisþaki. Langar botnlangagötur einkenna skipulagið og áhersla á litlar innkeyrslur við húsin og stór sameiginleg bílaplön við enda hvers botnlanga. Gönguleiðir eru slitnar frá bílagötum og liggja milli lóða.

Raðhúsin lúta sömu hlutfalls- og stærðarlögmálum og því er mikill heildarsvipur yfir hverfinu, sem hefur tekið litlum breytingum frá því það var reist. Lagt er til að hverfið verði verndað með hverfisvernd, sem skipulagsleg heild og gott dæmi um vandað og þétt hverfi lítilla fjölbýla. Við breytingar á hverfinu og húsum innan þess verði horft til þeirra hugmynda og forsenda sem liggja að baki upprunalegu skipulagi þess og þess gætt að raska ekki þeim heildarsvip sem er á hverfinu og hönnun fjölbýlishúsanna. *Æskilegt er að breytingar taki mið af stærðarhlutföllum húsa, áferð og efnisvali*.

Sæbólsbraut 26-32


Röð fjölbýlishúsa: þrjú eru reist eftir sömu teikningu Benjamíns Magnússonar en það nyrsta (nr. 32) er eldra og er eftir Kjartan Sveinsson. Gott dæmi um fjölbýlishús sem ber byggingarlist níunda áratugarins og höfundinum gott vitni. *Æskilegt er að breytingar taki mið af núverandi einkennum, áferð*.

Huldubraut 2-68

Byggð sem reist er eftir heildstæðu skipulagi, fyrsta deiliskipulaginu sem gert er á Kársnesi. Parhús sunnan götu og tveggja hæða einbýlishús með óskertu sjávarútsýni norðan götu. Þegar deiliskipulagið fyrir Huldubraut var gert í upphafi 10. áratugarins var gert ráð fyrir smábátahöfn við ströndina norðan við hverfið. Samstæður húsa fyrir miðju hverfisins eru eins konar hlið frá fyrihugaðri höfn inn í hverfið og mynda miðju í hverfishlutanum. Heildin samanstendur af tveimur samstæðum: einbýlishúsum teiknuðum af Vífli Magnússyni hjá Vinnustofu Vesturvör og parhúsum eftir Jakob E. Líndal hjá A3 arkitektum. *Æskilegt er að breytingar taki mið af skipulagslegri heild svæðis*.

Helgubraut 2-10, Marbakkabraut 1-17, Huldubraut 1-31, Vesturvör 2B og 19 og Kársnesbraut 9-139 og 64-114

Sérstaða Kársnesbrautar liggur í fjölbreytni og sögulegri vídd. Húsin rísa á mismunandi tíma allt frá upphafi búsetu í Kársnesi og götumyndin gefur ákveðinn þverskurð af ríkjandi húsagerðum og byggingarlist á hverjum tíma. Byggðin er lágreist, þar eru nokkur einlyft hús en flest íbúðarhúsin eru tví- og þrílyft einbýlis-, tví- og þríbýlishús með bílskúrum sem ýmist er síðari tíma eða innbyggðir. Lágreist íbúðabyggðin við götuna fléttast saman og stærra iðnaðar- og þjónustuhúsnæði sem rís norðan og vestan Kársnesbrautar, sem er hluti af byggðamynstrinu og gefur því sögulega vídd og fjölbreytni. Atvinnuhúsnæðið sem er lagt í landhalla myndar nú snertiflöt milli núverandi íbúðarhúsnæðis og blandaðrar byggðar sem fyrirhuguð er norðan og vestan Kársnesbrautar. Mikil lofthæð, gluggasetning, stærð rýma og skali húsnæðis sem einkenna atvinnuhúsnæðið, geta falið í sér eftirsóknarverða eiginleika m.t.t. atvinnu- og þjónustustarfsemi í blandaðri byggð. Og getur gegnt lykilhlutverki í því að flétta saman byggð frá ólíkum tíma, í ólíkum mælikvarða og með ólíkt hlutverk. *Við breytingar er æskilegt er að huga sérstaklega að sögulegri vídd, fjölbreytni svæðis og þeim möguleikum og gæðum sem í því felast*.



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

1.2 Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

Helgubraut 8

Huldubraut 32

Kársnesbraut 66

Kársnesbraut 86

Kársnesbraut 106

Marbakkabraut 26

Marbakkabraut 38

Sæbólsbraut 15-17

Sæbólsbraut 26

Sæbólsbraut 40



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Helgubraut 8

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár:

Helgubraut 8 var baðhús hermanna í seinni heimsstyrjöldinni. Töluvert var af stríðsminjum í Kársnesi og eru þessar líklega þær einu sem eftir standa og hafa menningarsögulegt gildi.









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Huldubraut 32


Höfundur: Vífill Magnússon

Byggingarár: 1990


Vel varðveittur fulltrúi innan heildar











Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Kársnesbraut 66


Höfundur: Gísli Halldórsson

Byggingarár: 1952


Gott dæmi um höfundarverk Gísla Halldórssonar og fínlegan móderníska arkitektúr, byggingin er löguð að landhalla með grasflatir á yfirborðsflötum á mismunandi hæðum.




















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Kársnesbraut 86


Höfundur: Ókunnur


Byggingarár: 1950

Höfundur breytinga: Hannes Kr. Davíðsson, 1958


Gott dæmi um hús á Kársnesi sem hefur verið breytt og bætt við eftir þörfum og getu íbúa hverju sinni. Húsið sker sig úr hvað varðar byggingarstíl viðbyggingar en hún var teiknuð sem vinnustofa listamanna. Upphaflegur höfundur hússins er ókunnur en viðbygginguna teiknaði Hannes Kr. Davíðsson árið 1958 fyrir listahjónin Barböru og Magnús Á. Árnason. Barbara skreytti útvegg vinnustofu þeirra hjóna með listaverki sem hún kallaði *Frá vöggu til grafar*.



















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Kársnesbraut 106


Höfundur: Hörður Björnsson


Byggingarár: 1966


Byggt sem iðnaðarhús á sjöunda áratugnum fyrir Efnagerðina Val. Mjög góður fulltrúi móderníska iðnaðarhúsnæðis. Teikningar gerði Hörður Björnsson byggingatæknifræðingur sem gerði margar teikningar af þjónustu- og iðnaðarhúsnæði um miðbik 20. aldarinnar, t.a.m. húsið að Hverfisgötu 54 í Reykjavík sem var upphaflega teiknað sem iðnaðar- og lagerrými en breytt í kvikmyndahús á áttunda áratug (nú Bíó Paradís). Hann sat í skipulagsnefnd Kópavogs um hríð.

















Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Marbakkabraut 26


Höfundur: Manfreð Vilhjálmsson

Byggingarár: 1978


Einbýlishús með einfalt og lágstemmt byggingarlag og hátt mænisþak. Góður fulltrúi byggingarlistar áttunda áratugar og gott dæmi um höfundarverk Manfreðs Vilhjálmssonar.




















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Marbakkabraut 38

Höfundur: Ókunnur

Byggingarár:

Árið 1936 var fluttur lítill sumarbústaður á Kópavogsblett I sem hlaut nafnið Marbakki. Þar bjuggu hjónin Hulda Jakobsdóttir og Finnbogi Rútur Valdimarsson, bæjarstjórar og heiðursborgarar Kópavogs. Gott og vel varðveitt dæmi um fyrstu kynslóðar hús í Kársnesi. Einföld hús sem í fyrstu voru athvarf á ræktunarblettum en urðu fljótt heilsárshúsnæði fjölskyldna og byggt við þau eftir því sem börnum fjölgaði og þarfir eigenda breyttust.





Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Sæbólsbraut 15-17


Höfundur: Gylfi Guðjónsson

Byggingarár: 1985

Góður og vel varðveittur fulltrúi þéttrar ráðhúsabyggðar við Sæbólsbraut. Hönnun raðhúsanna er fastmótuð, húsin eru með mænisþaki. Einföld efnispalletta, geometrísk gluggasetning, þakkantar, kvista- og svala útskot geometrísk formuð líkt og gluggasetning.



















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Sæbólsbraut 26

Höfundur: Benjamín Magnússon

Byggingarár: 1985

Góður og vel varðveittur fulltrúi Vandaður og vel varðveittur fulltrúi innan heildar. Fjölbýlishús í byggingarstíl sem er í senn brútalískur og póstmóderníkur og gott dæmi um höfundarverk Benjamíns H. Magnússonar, en hann er einnig höfundur lykilbygginga í Borgarholti og Hamraborg.









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Sæbólsbraut 40


Höfundur: Ókunnur


Byggingarár: 1936

Höfundur breytinga: Teiknistofan Strikið, 2019

Sæból var eina nýbýlið vestan Hafnarfjarðarvegar sem úthlutað var úr ríkisjörðinni Kópavogi.











Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Vesturvör 2B

Höfundur: Óþekkt


Byggingarár:


Skemma upphaflega reist fyrir flotabækistöð Breta í Hvítanesi í Hvalfirði en síðar flutt á lóð Vita- og hafnamála í Kópavogi. Húsið hefur menningarsögulegt gildi og gildi fyrir umhverfið, það gefur mikilvægan tón í anda staðarins m.t.t. sögu og fjölbreytileika.














Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2 Holt: Varðveislumat 2023

2.1 Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Hraunbraut, Austurgerði og Kastalagerði

Flest húsin á þessum reit voru byggð á sjöunda áratug 20. aldar eftir að efni úr malarhól vestan við Borgarholtið var notað sem ofaníburður í Kársnesbrautina. Kastalar voru vestasti hluti af Borgunum. Hluti þeirra lenti undir Kastalagerði og húsunum austan við götuna. Hér er byggt í talsverðum landhalla og grýttu landslagi eins og á syðstu lóðunum við Kastalagerði þar sem grjótið verður hluti af byggingu og landslagi. Einkennandi er aðlögun að landslagi og módernískur byggingarstíll.

Holtagerði og Skólagerði

Holtagerði og Skólagerði byggðust upp á sjöunda áratug 20. aldar. Skólagerði byggðist nær allt upp á árunum 1960–1970 og myndar heilsteypta götumynd. Margir ólíkir arkitektar en einkennandi húsagerð í götunni. Flest húsin eru steinsteypt tvíbýlishús með einhalla þaki, samtengdum bílskúr og einkennandi fyrir byggingarlag sem var að ryðja sér til rúms á árunum 1960–1970. Við Skólagerði eru einnig heildir parhúsa, sér í lagi sunnan götu. Skólagerðislóðirnar eru langar og mjóar og ýmist með stórum bak- eða forgarði, eftir því hvoru megin við götuna húsin standa. Parhús og hæðir eru einnig einkennandi í Holtagerði. Rask hefur orðið á götumynd í seinni tíð: viðbyggingar, stórir garðveggir sem loka á innsýn frá götu, sólskálar, svalir o.s.frv.

Vallargerði 2-20

Heilsteypt götumynd

Gróin byggð fulltrúa frá fyrsta tímabili byggðar í Kársnesi.

Melgerði 1-19 og 2-16


Heilsteypt götumynd.

Borgarholtsbraut 1-13

Þyrping einfaldra lágstemmdra húsa, sum með elstu húsa á Kársnesi.

Kópavogsbraut 2-22

Heildstæð götumynd frá sjötta áratugnum. Lágstemmd steinsteypt einbýlishús á stórum lóðum þar á meðal, reist eftir teikningum Teiknistofu landbúnaðarins, Hafliða Jóhannssonar og Einars Júlíussonar. Húsin standa norðan við Kópavogsbraut á stórum lóðum með löngum innkeyrslum og mynda heildstæða þyrpingu húsa frá upphafsárum byggðar í Kópavogi.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2.2 Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

Holtagerði 40-56

Heild tvílyftra tvíbýla sem er vel viðhaldið og eru dæmigerðar fyrir byggingarlist sjöunda áratugar í Kársnesi.

Holtagerði 61-69

Húsin við Holtagerði 61-69 er heild dæmigerðra fjós-og-hlaða húsa, Húsin við Holtagerði 61–69 eru heild dæmigerðra fjós-og-hlaða húsa, sem voru algeng hjá fjölskyldum sem voru að skjóta rótum á Kársnesi á sjötta áratugnum. Hugmyndin með húsagerðinni var að geta flutt inn í helming hússins á meðan hinn helmingurinn var í byggingu. Húsin við Holtagerði eru steinsteypt og einföld í sniðum líkt og sambærileg hús annars staðar á Kársnesi.

Hófgerði 2-28 og 1-21

Hófgerði byggðist nær allt upp á sjötta áratugnum og var fyrsta gatan á Kársnesinu sem byggðist upp á nokkrum árum. Fram að því höfðu hús risið meira á dreif í byggðinni. Höfundur húsanna er Einar Júlíusson. Götumyndin ber góðan vott um tímabilið, með lítil og lágstemmd einbýlis- eða tvíbýlishús, flest með rishæð og kvistum og sum með kjallara. Lóðamörk húsa götumegin er skilgreind með lágri afmörkun, oftast timburgrindverki og í einstaka tilfelli gróðri og steypuverki. Í heild gott dæmi um fínlega og mjúka afmörkun sem leyfir innsýn í garð frá götu. Í hverfiseiningunni er matvöruverslun og fiskbúð.

Hlégerði 12-22 og 21-35

Hlégerði, sunnan götu, var fullbyggt árið 1960 en uppbyggingu götunnar lauk á sjöunda áratugnum. Götumynd Hlégerðis er dæmigerð fyrir byggingarlist síns tímabils. Húsin eru með lítinn grunnflöt en reisuleg með háu risi, kvistum og svölum, sum hver með íbúð í kjallara eða á jarðhæð. Höfundur húsanna er Einar Júlíusson byggingarfulltrúi. Segja má að hann hafi þróað sérstaka Kópavogssteinsteypuklassík sem getur virst innblásin af teikningum frá Teiknistofu landbúnaðarins. Norðan Hlégerðis eru dæmi um pallahús sem urðu mjög vinsæl og eru víða í Kópavogi.

Hlégerði 37a


Kastalagerði 7

Kastalagerði 13

Skjólbraut 15

Skjólbraut 10

Kópavogsbraut 58 (Þinghólsskóli)



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Kastalagerði 7

Höfundur: Hannes Kr. Davíðsson


Byggingarár: 1965

Einlyft steinsteypt einbýlishús og vinnustofa í módernískum anda, reist eftir teikningum Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts fyrir myndlistarmanninn Hafstein Austmann. Samkvæmt viðtali við Hafstein teiknaði hann sjálfur húsið eftir eigin höfði en fékk Hannes til að skrifa upp á teikninguna. Hafsteinn segir: „Ég lærði töluvert af því að vinna með Hannesi, og sérstaklega aðstoðarmanni hans, Leifi Blumenstein. Hannes var þrjóskuhundur, þannig að vissast var að fara rétt að honum.“ Húsið situr í sjávargrjótinu og á vesturgafli þess er mósaíkverk.









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Kastalagerði 13


Höfundur: Kjartan Sveinsson

Byggingarár: 1968


Yngsta húsið í Kastalagerði og á uppdráttum sem ná yfir svæðið má sjá að ekki var gert ráð fyrir að byggja í stóra fjörugrjótinu eins og var gert og sést á framhlið hússins hvernig húsið er byggt yfir grjóthnullungana.




















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Hlégerði 37a

Höfundur: Jón Haraldsson


Byggingarár: 1989

Gott dæmi um viðbyggingu við lágstemmt hús sem er byggingarlistalega metnaðarfull og mótar götumynd með formgjöf og skipulagi. Gott dæmi um höfundarverk Jóns Haraldssonar í Kópavogi, með einkennandi hraunáferð á steypu.









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Skjólbraut 15


Höfundur:

Byggingarár: 1942



Rammgert steinsteypt hús, byggt sem skjala- og peningageymsla Þjóðarbankans á stríðsárunum, á öruggum stað fyrir utan Reykjavík. Húsið, sem er einlyft með valmaþaki, var reist árið 1942 þegar aðeins örfá hús stóðu í Kársnesi og er meðal elstu steinsteyptu húsa í Kársnesi. Það er gjarnan nefnt Bankasel og er nú íbúðarhús. Grunngerð hússins er óbreytt og síðari tíma viðbygging er lágstemmd með skúrþaki og gluggasetningu sem dregur dám af íbúðarhúsinu.





Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Skjólbraut 10

Höfundur: Gunnar Ólafsson
Byggingarár: 1956

Reisulegt steinsteypt hús sem efur verið stærsta íbúðarhúsið í Kársnesi þegar það reis árið 1959, en á þessum tíma voru íbúðarháhýsi að ryðja sér til rúms víða í Evrópu. Á árunum 1945–1955 vann höfundurinn, Gunnar Ólafsson, náið með Einari Sveinssyni arkitekt, meðal annars að hönnun Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, Langholtsskóla, Borgarspítalanum og fjölbýlishúsum við Hjarðarhaga og Neshaga. Gunnar teiknaði einnig Heilsugæslustöðina í Drápuhlíð og hús við Eikjuvog og víðar þar sem þakgerðin er brotin upp með kvistum og flúraðar svalir eru áberandi hluti af formgjöf hússins, líkt og á húsinu við Skjólbraut 10. Gott dæmi um höfundarverk Gunnars í Kópavogi. Húsið er hannað og reist sem íbúðarhús en bæjarskrifstofur Kópavogskaupstaðar voru þar til húsa í nokkur ár fram til ársins 1963.







Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Þinghólsskóli,
Kópavogsbraut 58


Höfundur: Helgi og Vilhjálmur Hjálmarssynir, Teiknistofan Óðinstorg
Byggingarár: 1968-1982

Hafist var handa við að reisa skólabygginguna árið 1968 sem reis og var tekin í notkun í áföngum


Í upprunalegu skólabyggingunni var inngarður með trjágróðri, í Seinna var garðurinn lokaður með þaki. Þá hefur efnismikil og hrá steinsteypa sem einkenndi húsið, sem er í brútaískum anda, verið klædd.




Mynd 195: Þinghólsskóli, 2023



Mynd 197: Afstöðumynd. Aðaluppdráttur Þinghólsskóla, 1971.





Mynd 196: Ásýndir. Aðaluppdráttur Þinghólsskóla, 1971.

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

3 Suðurströnd: Varðveislumat 2023


3.1 Samstæður húsa og heildir (gulur flokkur)

Þinghólsbraut 45-77

Margbreytileg hús við sjóinn, mörg hver með bátaskýli. Byggt er á stórum lóðum og frá götu er útsýn milli húsa út á sjó.

Mánabraut 1-19 og 2-18, Sunnubraut 2-46 og 21-45, Þinghólsbraut 1-43 og 2-46 og Kópavogsbraut 41-83

Skipulagsheild við suðurströnd Kársness frá sjöunda áratugnum þar sem byggðin trappar sig upp með landinu og er lágreist við sjóinn.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

3.2 Einstök hús, húsaraðir og götumyndir (rauður flokkur)

Sunnubraut 21–47

Við Sunnubraut er þyrping einbýlishúsa sem eru góð dæmi um höfundarverk arkitekta sem voru leiðandi í móderníska byggingarlist: Skarphéðinn Jóhannsson, Högna Sigurðardóttir, Guðmundur Kr. Kristinsson, Gunnar Hansson og Manfreð Vilhjálmsson. Saman mynda þessi hús eina áhugaverðustu einbýlishúsagötu módernísks arkitektúrs á Íslandi.

Sunnubraut 6-10

Sunnubraut 26

Sunnubraut 37

Sunnubraut 46

Sunnubraut 42

Kópavogsbraut 100

Þinghólsbraut 35

Þinghólsbraut 57

Þinghólsbraut 59





Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogsbraut 100


Höfundur: Manfreð Vilhjálmsson


Byggingarár: 1963












Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Þinghólsbraut 35

Höfundur: Elísabet Finsen

Byggingarár: 1950

Að öllum líkindum fyrsta hús á Íslandi sem er teiknað og reist af konu.









Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Þinghólsbraut 57


Höfundur: Gísli Halldórsson

Byggingarár: 1955


Höfundur breytinga: Teiknistofan Óðinstorgi, 1987
















Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Þinghólsbraut 59

Höfundur: Albína Hulda Thordarson


Byggingarár: 1982






















Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026


Sunnubraut 46

Höfundur: Guðmundur Þ. Pálsson


Byggingarár: 1965






















Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026

Sunnubraut 8


Höfundur: Guðmundur Kr. Kristinsson

Byggingarár: 1962











Skjal sótt af '000000000' dags: 25.10 2026


Sunnubraut 26

Höfundur: Elísabet Finsen


Byggingarár: 1954



















Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026